FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Goðafræði, mál og menning
Námsgrein:	íslenska
Viðfangsefni:	goðafræði, málnotkun og ritun, málsaga
Skammstöfun:	ÍSLE2GO05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Fjallað er ítarlega um norræna goðafræði og helstu þættir málsögu eru teknir fyrir. Einnig læra nemendur um mismunandi gerðir bókmennta. Nemendur eru þjálfaðir í gerð kjörbóka- og heimildaritgerða og læra um grundvallarvinnubrögð ritunar.
Forkröfur:	B á grunnskólaprófi
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • norrænni goðafræði, helstu goðum hennar og hlutverkum þeirra • uppbyggingu og einkennum smásagna • sögu tungumálsins og mótun íslenskrar málstefnu • helstu hugtökum í ritgerðasmíð • málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli • mismun bundins og óbundins máls • grunnhugtökum bókmenntafræði
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa mismunandi gerðir bókmennta • vinna mismunandi tegundir ritgerða • greina bundið mál út frá þeim reglum sem gilda um uppbyggingu þess • greina helstu einkenni smásagna frá öðrum bókmenntagreinum • greina mismunandi málsnið og tungutak út frá aldri texta • nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni • nota algeng stílbrögð í tal- og ritmáli
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • velja á milli heimilda með gagnrýnum hætti • taka þátt í umræðum um goðafræði • lesa fjölbreyttar bókmenntir og meta þær út frá viðfangsefnum áfangans • vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið og sýna töluverð tilbrigði í málnotkun • beita skýru, lýtalausu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti

	• túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.